

## SIÐAREGLUR STJÖRNUNNAR



Markmið félagsins með siðareglum er að veita félagsmönnum sínum almennar leiðbeiningar í leik og starfi. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi í félaginu og þurfa að njóta almenns stuðnings meðal félagsmanna. Siðareglurnar skulu vera hvetjandi og leiðbeinandi í senn og skal kynna öllum félagsmönnum.

### **Foreldri/forráðamaður hafðu ávallt hugfast að:**

Barnið þitt er í íþróttum vegna eigin ánægju en ekki til að gleðja þig. Hvetja barnið þitt til þátttöku í íþróttum, ekki þvinga það.

Hvetja barnið þitt til að fara eftir og virða reglur íþróttanna og að leysa deilur án fjandskapar eða ofbeldis.

Styðja og hvetja öll börn og ungmenni – ekki bara þín eigin.

Vera jákvæður, bæði þegar vel gengur og líka þegar illa gengur.

Gera aldrei grín að barni eða hrópa að því ef það gerir mistök.

Bera virðingu fyrir störfum þjálfarans, ekki reyna að hafa áhrif á störf hans á meðan leik eða keppni stendur.

Líta á dómarann sem leiðbeinanda barna, ekki gagnrýna ákvarðanir hans.

Virða rétt hvers barns, óháð kyni, kynstofni eða trúarbrögðum.

Læra að meta þátttöku sjálfboðaliða hjá félaginu, því án þeirra hefði barn þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og keppni með félaginu.